

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Gefins

Hvítur fataskápur úr IKEA
Tvær hurðir, fatahengi öðru megin,
þrjár hillur hinumegin
og þrjár skúffur.

Uppl. Sæunn í síma 487 1429

Auglýsendur ath.

útgáfa Vitans fellur niður
miðvikudaginn 18. nóv.

Ath. Vitinn kemur út 11. nóv.
eins og venjulega

Nánar auglýst í næsta Vita

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru Kirkju-
skólans í Mýrdal í grunnskóla
Mýrdalshrepps næsta laugar-
dag 7. nóvember 2009 kl.
11:15.

Hlakka til að hitta ykkur.

Sóknarprestur



Bergþór Andrason
f. 27. júní 2009 3780 gr og 53 cm
Foreldrar Ragnheiður Birgisdóttir úr Vík og
Andri Jóhannesson, búsett í Reykjavík.



Skrifstofa Mýrdalshrepps

verður lokað mánudaginn
9. og föstudaginn 13.
nóvember nk.

Sveitarstjóri

SMÁAUGLÝSINGAR

KJARVAL

**37%
afsláttur** Gourmet
Ungnautahakk
998
kr./kg

Tilboð vikunnar



Lambasvið frosin
298
kr./kg



**30%
afsláttur**
Sambands
Hængilæri
1989
kr./kg.



ÍM Ysubitar
899
kr./kg.



Batchelors lina
**25%
afsláttur**



Lambi WC Pappír 12rl
799
kr./pk.



Egils Jónaöl 0,5l
189
kr./flk.



Sýrður rjómi, 2 teg.
**15%
afsláttur**



FP Marmelaði, 2 teg.
**25%
afsláttur**
374
kr./pk.



Íslandskaffi
349
kr./pk.



Sprittkerti 100 stk
498
kr./pk.



Paprika rauð
199
kr./kg.

KJARVAL Klaustur: Sími: 487 4616 | Vík: Sími: 487 1325 | Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585-7585

Aldarafmæli Múlakotsskóla

Aldarafmælis skólahússins í Múlakoti á Síðu
verður minnst í skólahúsinu
sunnudaginn 8. nóvember kl. 14:00.

Rífljóð verður upp saga Múlakotsskóla og annarrar starfssemi sem í húsínu hefur farið fram.

Ábúendur í Múlakoti, afkomendur skólastjóranna tveggja sem þar störfuðu, bjóða gestum upp á kaffi.

Allir eru velkomnir á samkomuna.
Undirbúningsnefnd

Frá Lionsklúbbum Suðra

Erum að vinna að veggalmakinu

Ef einhver vill auglýsa hjá okkur, sem ekki hefur verið með áður
þá hafið samband við einhvern þessa fyrir 10. nóvember:

Einar í síma 487 1320 Eyjólf í síma 487 1309
Sigþór í síma 487 1277

Lausafjáruppboð

Fimmtudaginn 12. nóvember, kl. 12.00 verður neðangreint skráð
ökutæki selt á uppboði að Ránarbraut 1, Vík:

ZR 914 Polaris Sportsman 6x6

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn í Vík



Föstudaginn 30. okt. sl. opnaði Margrét Birgisdóttir snyrtifræðingur, formlega snyrtistofuna sína í nýju húsnæði, sem er baka til í húsi KB banka. Aðstaðan hjá henni er öll hin skemmtilegasta og virkilega notalegt að setjast í stólinn hjá Margréti.

Gólfefnið, sem er á stofunni er ný gerð af gólfefnum, sem eigendur Mýrdalssands ehf þeir Jóhann Vignir Hróbjartsson og Páll Tómasson eiga og reka.

Mýrdalssandur ehf., hóf rekstur í Mýrdalshreppi á líðandi sumri og er aðalstarfsemi þess að þurrka sand til sandblásturs. Sandurinn, sem tekinn er úr námu skammt austan Víkur, er þurrkaður með 500kw steinolúbásara og síðan settur í stórsekki sem eru fluttir á markað hvert á land sem er og vonandi fljótlega víðar.

Stofnendur og eigendur Mýrdalssands ehf eru þeir Jóhann Vignir Hróbjartsson og Páll Tómasson.

Vitinn óskar Margréti og Jóhanni Vigni til hamingju með nýja húsnæðið og góðu gengi hjá Mýrdalssandi ehf. og Jóhanni og Páli til hamingju með nýja fyrirtækið .

Á DÖFINNI

Fýlaveislan verður á Ströndinni v/Víkurskála laugardagskvöldið 7. nóvember nk. kl 20.00

14. nóvember: Afmæli. Björgunar-sveitarinnar Víkverja, 40 ára

6.- 8. nóvember Safnahelgi á Suðurlandi

5. nóvember: Afmælimálþing Byggða-safnsins í Skógum

7. nóvember, laugardaginn 21, nóvember og einnig laugardaginn **28. nóvember** VILLIBRÁÐARHLAÐBORD Á HÓTEL KLAUSTRI.

Í háum björgum burnirótin grær.
Í brjósti mínu klettahjarta slær.

Þeir verða að klifra upp í björgin blá,
sem blíðu minni og ástum vilja ná

og sækja þangað burnirótarlóm.
Ég birti öllum þennan sama dóm.

Og árum saman sat ég ein og beið
og sá þá klifra - og hrapa á miðri leið.

Í morgun féllu fyrir björgin þrír.
- Ég fleygði þeim í saltin villidýr.

En hver sem fyrstur klífur þessa raun,
fær kóngsríkið og mig - í sigurlaun.

Davíð Stefánsson

MÁLSHÁTTUR VIKUNNAR

Góð ráð eru dýr.
Þau vondu eru út um allt.

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 26. október til 2. nóvember 2009

Alls voru bókuð 82 verkefni hjá lögreglunni á Hvolsvelli síðast líðna viku. Þar af voru tvö minniháttar umferðaróhöpp.

Tvö umferðaróhöpp voru í vikunni. Á Laugalandsvægi við Laugaland hafnaði bifreið út af og í skurði. Bifreið lenti á ljósastaur á Hellu vegna hálfu. Engin meiðsl voru í þessum óhöppum.

Helgarverkefni lögreglunnar nú næstu helgar mun að mestu vera í kringum eftirlit með veiðimönnum, en lögreglan fékk tilkynningu um helgina um að rjúpnaveiðimenn væru að aka utan vega á fjórhjólum við veiðar, en slíkt er algerlega bannað.

Það skal áréttað að óheimilt er að aka utan vegar, ennfremur má ekki hafa hlaðið skotvopn nær ökutæki en 250 metra. Rjúpnaveiðitímabilið er hafið og verður um sex helgar og má þá aðeins skjóta rjúpu á föstudegi til og með sunnudegi. Alls eru þetta 18 dagar og líkur tímabilinu sunnudaginn 6. desember. Lögreglan vill því biðja veiðimenn að fylgja reglum í hvívetna til að komast hjá óþarfa slysum og landsspjöllum, ennfremur að muna eftir því að hafa skotvopnaskírteini og veiðikort tilbúin til sýningar þegar lögregla óskar eftir. Hálandisvegir hafa verið lokaðir en dæmi er um að aðilar virði ekki þessa lokun og hafi lent í vandræðum.

Í vikunni voru 13 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 130 km hraða. Umferð hefur minnkað til muna og þar af leiðandi eru þeir færri á ferðinni sem aka of hratt.

Samantekt var unnin í vikunni og gerð könnun miðað við svæði hvað margir ökumenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt miðað við sveitarfélög í umdæmi Hvolsvallar.

Frá 1. janúar til 30. september 2009;

Rangárþing ytra og Ásahreppur
260 ökumenn.

Rangárþing eystra 363 ökumenn.

Árnessýsla (Selfoss) 21 ökumenn.
Mýrdalshreppur 174 ökumenn.
Skaftárhreppur 455 ökumenn.
Austur Skaftafellssýsla (Höfn)
126 ökumenn,
Alls voru þetta 1399 ökumenn.

Þess má geta að sérstakt átak hefur verið í þessum málaflokki í sumar og ákveðnir dagar hafa verið settir inn sem eftirlitið á að fara fram. Farið hefur verið einu sinni í viku austur á Höfn og einnig hefur eftirlitið teygst sig á Selfoss. Ríkislögreglustjóri hefur komið að þessu eftirliti sem virðist hafa skilað sér með prýði. Teljum við okkur sjá mun í að slysum hefur fækkað hjá okkur og alvarleiki þeirra hefur verið greinilega minni.

Uppskeruháttíð var í Skaftárhreppi um s.l. helgi. Margt var um gesti en bændur víða í Skaftárhreppi tóku á móti gestum þar sem búin voru sýnd. Einnig voru smalahundur sem sýndu getu sína og fór þetta allt vel fram. Fótspor nýstofnað félag um varðveislu gamla minja í Skaftárhreppi var með opið hús í verzlunarhúsinu við Skaftárósa þar sem boðið var upp á kaffi.

Einnig var uppskerumessa í Grafarkirkju og uppboð í Tunguseli sem var til styrktar góðra málefna.

Svo má nefna að erlendir aðilar sem búsettir eru í Skaftárhreppi voru með veitingar sem var matur frá þeirra heimalandi. Þetta er aðeins lítið dæmi um allt sem var í boði um helgina.

Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra



Er ég að stríða einhverjum?

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

450. fundar sveitarstjórnar Mýrdals-hrepps, haldinn fimmtudaginn 22. október 2009 kl. 17:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 162. fundar fræðslunefndar frá 20. október 2009. Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Hestamannafélagsins Sindra dags. 10. september 2009. Félagið óskar eftir styrk kr. 500.000,- vegna framkvæmda á Sindravelli. Vísað til umræðu við gerð fjárhagsáætlunar 2010.

2. Bréf Markaðsstofu Suðurlands dags. 8. október 2009. Markaðsstofa Suðurlands ses. óskar eftir því að sveitarfélög á Suðurlandi leggi til sem nemur 350 kr/íbúa til að tryggja rekstur og uppbyggingu stofunnar á árinu 2010. Sveitarstjórn samþykkir að gera ráð fyrir þessu framlagi á fjárhagsáætlun ársins 2010.

3. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 29. september 2009. Óskað er umsagnar vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gistað í flokki I á Sigtúni 5. Fyrirhugað er að leigja út 1 herbergi. Húsnæðið er samþykkt sem íbúðarhúsnæði og fyrir liggur samþykki nágranna. Ekki eru því gerðar athugasemdir við erindið enda sé aðeins leigt út herbergi sem ætlað eru til íbúðar.

4. Bréf Snorraverkefnis dags. 16. október 2009. Erindinu hafnað.

5. Bréf Finnboga Gunnarssonar dags. 19. október 2009. Sótt er um rekstrarstyrk fyrir félagsheimilið Eyyarland á móti álögðum fasteignagjöldum. Samþykkt að veita styrk kr. 100.000,- af lið 0563 í samræmi við fjárhagsáætlun.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Umsókn um lóð. Ólafur Ingi Þorarinsson sækir um lóðina nr. 29 við Sunnubraut til að byggja á henni íbúðarhús. Samþykkt.

2. Sumarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga - br. dags. 10. september 2009. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

3. Sjóvörn við Vík. Fyrir liggja bréf Gísla D. Reynissonar dags. 28. september 2009 og minnisblað Siglingastofnunar dags. 30. september 2009. Sveinn gerir grein fyrir fundum með þingmönnum Suðurlands 30. september, Siglingastofnun sama dag og Samgönguráðherra og Siglingastofnun 21. október. Einnig ályktun ársþings SASS þar sem segir:

"Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október 2009, krefst þess að sjóvörn við Vík verði sett í forgang. Nú er svo komið að mannvirki eru í beinni hættu á komandi vetri og því algjörlega nauðsynlegt að hefja framkvæmdir strax. Árið 1994 var gerð áætlun af Siglingastofnun um sjóvörn í Vík. Fjöruborðið er komið langt inn fyrir þau viðmiðunarmörk sem þá voru sett. Einungis eru 50 m frá fjörukambi að íþróttavelli og 180 m að íþróttamannvirkjum. Ef ekkert verður að gert sem allra fyrst munu mannvirki fyrir hundruð milljóna verða í stórhættu."

Á fundi með samgönguráðherra kom fram mikill skilningur á nauðsyn framkvæmdarinnar en jafnframt að fjármagn væri enn ekki tryggt. Sveitarstjórn bendir á að um yfirvofandi náttúruvá sé að ræða og áréttar enn og aftur að verkið verði sett í forgang.

4. Staðardagskrá 21. Fyrir liggja drög að endurskoðuðum markmiðum Staðardagskrár 21 í Mýrdalshreppi sem umhverfis- og náttúruverndarnefnd hefur unnið með aðstoð landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi. Sveitastjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög.

5. Hjallatún - ársreikningur 2008. Fyrir liggur ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2008. Reikningurinn var lagður fyrir rekstarnefnd Hjallatúns þann 20. maí s.l. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur kr: 113.446.167,- rekstrargjöld kr: 109.255.405,- og fjármagnsgjöld neikvæð um kr. 2.749.004,- Rekstarniðurstaða er samkvæmt því jákvæð

um kr. 1.441.758. Á árinu 2008 fékk Hjallatún úthlutað af fjárukalögum 12.000.000,- og þar með tókst að reka heimilið hallalaust. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn með áritun sinni og felur sveitarstjóra að senda reikninginn til Ríkisendurskoðunar.

6. Jarða- og ábúðarlög - bréf Samgöngu- og landbúnaðarráðuneytis dags. 5. október 2009. Sveitarstjórn telur að málið sé umfangsmeira en svo að unnt sé að svara fram lögðum spurningum innan gefins tímafrests.

7. Hjallatún - endurbýgging og stækkun. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við félags- og tryggingamálaráðuneytið vegna áforma Mýrdalshrepps um endurbætur og stækkun dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hjallatúns.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerðir Hættumatsnefndar Mýrdalshrepps.

2. Fundargerð aðalfundar Hulu bs. frá 10. september 2009.

3. Fundargerð 22. fundar félagsmálanefndar frá 16. september 2009.

4. Fundargerð 287. fundar stjórnar ABS frá 22. september 2009.

5. Fundargerð 76. fundar Héraðsnefndar frá 7. október 2009.

6. Fundargerð 116. fundar stjórnar SKS frá 25. september 2009.

7. Fundargerð 121. fundar HES frá 24. september 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf jöfnunarsjóðs dags. 11. september 2009.

2. Áskoranir kvenfélagssambands Íslands frá 35. landsþingi.

3. Bréf EBÍ dags. 12. október 2009.

4. Skólalaping - bréf sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. september 2009.

5. Bréf Kennarafélags Suðurlands dags. 8. október 2009.

6. Fundarboð Almannaþingarnefndar.

7. Bréf FOSS dags. 5. október 2009.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:40 Þórhildur Jónsóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.



Músagangur

Mikill músagangur er í Mýrdalnum um þessar mundir og sækja þær stíft inn í híbýli manna og dýra og hlaupandi á vegum úti.

Nýlega setti ég músadall í bílskúrinn hjá mér og komnar voru 10 mýs í hann næsta morgunn. Sumum finnst þessi veiðiaðferð mjög grimmúðleg. Ég svara því til að ekki fara kettirnir betur með mýsnar, pína þær og kvelja í lengri tíma. En þær eru ekki nema örskotsstund að drukkna í svona músadalli.

Gott er að hafa snúðinn svona 10 cm í þvermál og öxulinn í gegn svona álíka og kústsskaft, reka svo sívala nagla, eða skrúfur á endana, þannig að þetta passi í fötuna sem nota á. Sverfa svo með þjöl raufar í fötubarmana svo snúðurinn haldist á réttum stað, setja svo spýtur (brýr) upp að prikendunum gönguleið fyrir mýsnar.

Negla þarf mjóan saum í snúðhjólíð með dálitlu millibili og setja þar á ostbita, gott að dreypta aðeins áfengi á snúðinn, því mýs eru sólgar í áfengi. Sumir setja aðeins rúðuvökva í vatnið en það er vínandi í honum og þar með er veiðibúnaðurinn tilbúinn.

Nánari upplýsingar fúslega veittar í síma 487 1299

E.

2009 vekur athygli á því að vegurinn fyrir Reynisfjall er einn erfiðasti faratálmi á þjóðvegi 1 allt austur á land. Nauðsynlegt er að koma jarðgöngum um Reynisfjalli á samgönguáætlun.

Fjarskiptamál

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október 2009, leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi. Þingið leggur áherslu á að fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum.

Atvinnuleysi og aðrar afleiðingar krepunnar

Efnahagskreppan sem riðið hefur yfir sl. ár hefur þegar haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda fólks. Atvinnuleysi hefur stóruaust og hagr margra fjölskyldna er mjög erfiður. Álag á félagsþjónustu sveitarfélaganna hefur því stóruaust. Ársþing SASS, haldið á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október 2009, hvetur sveitarfélög og ríkið að standa vörð um hagsmunum þessa fólks og ekki síst barna og unglinga með öllum tiltækum ráðum.

Ársþing SASS varar við tillögum sem fela í sér upplausn stjórnkerfisins aukna embættismannavæðingu og miðstýringu frá höfuðborgarsvæðinu. Slíkar tillögur eru einungis til þess fallnar að rjúfa tengsl við grunnatvinnuvegi þjóðarinnar og takmarka möguleika landsbyggðarinnar til að nýta auðlindir sínar og mannaú.

Gleraugin hans afa

Til himins upp hann afi fór, en ekkert þar hann sér. Því glerauginum gleymdi hann í glugganum hjá mér.

Hann sér ei neitt á bréf né bók né blöðin sem hann fær. Hann fer í öflug fötin sín svo fólkið uppi hlær.

Þótt Biblíun hafi hann sem hæst í skápnunum, hann finnur ekki augun sín og enga línu sér.

Á himnum stúlka engin er hjá afa, líkt og ég, sem finni stafinn fyrir hann og fylgi út á veg.

Hann afi sögur sagði mér um svartan skógarbjörn, sem ætti fylgsni úti í skóg og æti stundum börn.

Því birnir ætu óþæg börn, -en ekki Nonna og mig. En þægu börnin þyftu samt á þeim að vara sig.

Ó, flýtt þér, mamma, og færðu mig í fina kjólinn minn. Svo verð ég eins og engilbarn, fer upp í himininn.

Og reistu stóra stigann upp og styð við himininn. Svo geng ég upp með gleraugin, sem gleymdi hann afi minn.

Sig. Júl.Jóhannesson þýddi.

Vel heppnað ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga var haldið 15. og 16. október sl á Höfn í Hornafirði. Þingið tókst í alla staði mjög vel. Á þinginu voru haldnir aðalfundir SASS, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Á ársþinginu voru samþykktar fjölmargar ályktanir um hin ýmsu hagsmunamál landshlutans. Þá var kosið í stjórnir, ráð og nefndir. Í stjórn SASS voru kosin Sveinn Pálsson Mýrdalshreppi formaður, Aðalsteinn Sveinsson Flóahreppi varaformaður, Guðmundur Þór Guðjónsson Hveragerðisbæ, Margrét Katrín Erlingsdóttir Sveitarfélaginu Árborg, Elliði Vignisson Vestmannaeyjabæ, Ólafur Eggertsson Rangárþingi eystra og Árni Rúnar Þorvaldsson Sveitarfélaginu Hornafirði. Aðalsteinn, Ólafur og Árni Rúnar eru nýir í stjórn og komu í stað Sigurðar Inga Jóhannssonar, Unnar Brár Konráðsdóttur og Reynis Arnarsonar.

Sjónvörn við Vík

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október 2009, krefst þess að sjónvörn við Vík verði sett í forgang. Nú er svo komið að mannvirki eru í beinni hættu á komandi vetri og því algjörlega nauðsynlegt að hefja framkvæmdir strax. Árið 1994 var gerð áætlun af Siglingastofnun um sjónvörn í Vík. Fjöruborðið er komið langt inn fyrir þau viðmiðunarmörk sem þá voru sett. Einungis eru 50 m frá fjörukambi að íþróttavelli og 180 m að íþróttamannvirkjum. Ef ekkert verður að gert sem allra fyrst munu mannvirki fyrir hundruð milljóna verða í stórhættu.

Tvívreiðar brýr í stað einbreiðra

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hornafirði 15. og 16. október 2009, vekur sérstaka athygli á að enn er fjöldi einbreiðra brúa í vegakerfinu á suðursvæði Vegagerðarinnar. Staðreyndin er að um 20 einbreiðar brýr eru á þjóðvegi 1 í Skaftafellssýslum, flestar í A-Skaftafellssýslu. Á meðan þær eru við lýði er öryggi vegfaranda ógnað. Sú ógn fer vaxandi með aukinni og þyngrri umferð stórra flutningabíla. Því er mikilvægt að gert verði stóráttak í tvöföldun brúa.

Fylgjast þarf grannt með breytingum á farvegum jökulfljóta á Skeiðarársandi með tilliti til hugsanlegra rofa á hringvegi

Nýtt vegstæði fyrir Hornafjörð

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október 2009, leggur mikla áherslu á að farið verði að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar þegar ráðist verður í gerð nýs vegstæðis yfir Hornafjörð. Sú leið sem aðalskipulag gerir ráð fyrir styttr vegalengdir innan sveitar um tæpa 5 kílómetra en lengir þó ekki leið þeirra sem leið eiga um þjóðveg 1. Nefndin telur mikilvægt að ákvörðun verði tekin sem fyrst og framkvæmdir hefjist strax í kjölfarið.

Ný Vestmannaeyjaferja

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október 2009, bendir á mikilvægi þess að undirbúningur að smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju hefjist sem fyrst. Ljóst er að frátafir verða meiri á siglingum á meðan núverandi Herjólfur verður í ferðum á milli Vestmannaeyja og nýrrar

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Skeiðflatarkirkju á kristniboðsdegi íslensku Þjóðkirkjunnar nk. sunnudag 8. nóvember kl. 14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Fermingardrengirnir sérstaklega hvattir til að mæta með foreldrum sínum.

Sóknarprestur



Prestsbakkakórinn ásamt félögum úr Ásakórnum

Fréttatilkynning;

Syngjandi sveifla um helgina á Klaustri!
Laugardaginn 7. nóvember n.k. kl. 16:00 verða tónleikar í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri.

Kór Prestsbakkakirkju á Síðu, Ásakórinn og Kirkjukór Breiðabólstaðaprestakalls, Rangarþingi-eystra syngja. Guðjón Halldór Óskarsson og Brian Rogers Haroldsson stjórna.

Aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir!

Safnahelgi á Suðurlandi

6. - 8. nóvember 2009

Matur og menning úr héraði

Dagskrá í Skaftárhreppi:

Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri

Föstudagur 6. nóvember

Kl. 21:00 23:00 Eldprestur í öðru ljósi. Opið hús hjá Kirkjubæjarstofu Klausturvegi
2. Aðgangur ókeypis

Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri

Föstudagur 6. nóvember Kl. 20:00 - 22:00

Opið hús hjá bókasafninu. Kaffi á könnunni og konfekt á skálum. Ungir og aldnir lesa upp.

Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri og Hótel Geirland

Laugardagur 7. nóvember

Kl. 13:30 Kirkjubæjarstofa efnir til málþings um "Fornar byggðir og þjóðtrú í Skaftárhreppi" á Hótel Geirlandi. Erindi flytja: Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur og Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur.

kl. 15:00 - 17:00 Miðdagskaffi með þjóðlegum veitingum á Hótel Geirlandi. Verð kr. 600.-

Félagsheimilið Kirkjuhvoll á Kirkjubæjarklaustri

Laugardagur 7. nóvember

Kl. 16:00 Tónleikar í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

Fram koma kirkjukór Prestsbakkakirkju, Ásakórinn og kirkjukór Breiðabólstaðarsóknar í Fljótshlíð. Aðgangur ókeypis

Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri

Laugardagur 7. nóvember:

Villibráðarhlaðborð á Hótel Klaustri. Boðið verður upp á villibráð í sérflokki þar sem hráefni úr heimabyggð verður í öndvegi. Borðhald hefst kl. 19:30.

Verð pr. mann er 6.990.- borðpantanir í síma 487-4900. Lifandi tónlist. Sértilboð á gistingu.

Múlakotsskóli á Síðu

Sunnudagur 8. nóvember

Kl.14:00 Múlakotsskóli á Síðu 100 ára. Afmælisamkoma þar sem rifjað verður upp eitt og annað úr sögu skólahalds og mannlífs í þessu merka húsi. Kaffiveitingar í boði heimilisfólks í Múlakoti, afkomenda skólastjóra skólans.

Sjá einnig á www.sofnasudurlandi.is

ICELANDAIRHOTELS

KLAUSTUR

Hér kemur auglýsing fyrir þá sem vita ekkert hvað þeir eiga af sér að gera á laugardagskvöldum í nóvember - því nú kemur víðáttumikil lesning um

VILLIBRÁÐARHLAÐBORÐ Á HÓTEL KLAUSTRI.

Enn einn ganginn trommum við upp með villibráðarhlaðborð hér á Hótel Klaustri, hvergi banginn enda ávallt fersk og frísk - alla vega finnst okkur það .

Nú bjóðum við upp á villibráðarhlaðborð öll laugardagskvöld í nóvember og eigum slurk af lausum sætum - nema þann 14. nóvember sem er orðinn fullbókaður og rúmlega það

Við eigum sem sagt laust laugardaginn 7. nóvember, laugardaginn 21, nóvember og einnig laugardaginn 28. nóvember - en við höfum nú ákveðið að bæta þeim degi við vegna mikillar ásóknar (sem sagt að vel athugðu máli og vegna fjölda áskorana eins og það heitir á góðri íslensku)

Líkt og endranær verður alls kyns villimennska höfð að leiðarljósi í matargerð þessi kvöld - og mun Sigurður Daði töfra fram alls konar dýrindisrétti úr margs kyns "varningi" sem hefur orðið á vegi hans og Svavars nú á haustmánuðum.

Meðal rétta sem svignar undan kræsingunum má nefna:

Villibráðarsúpa , reyktur makrill, kofareykt hangikjöt, grafinn og reyktur sjóbirtin-gur, reykt gæs , villiönd, grafinn helsingi , marineruð og reykt Klausturbleikja svo eitthvað sé nefnt.

Svo þegar forréttaráti lýkur þá stendur Daði með kutann á lofti í salnum og sker steikur hægri vinstri eins og hver og einn getur í sig látið . Þá verður boðið upp á rammíslenskt hreindýr, lamb og gæsabringur ásamt tilheyrandi meðlæti, grænmeti ýmiss konar og sósum og sultum.

Að endingu verða svo allskyns stórfenglegir eftirréttir og kaffi.

Borðhald hefst öll kvöldin kl. 19.30 og þá geta menn tekið til óspilltra málanna og etið sem aldrei fyrr fyrir aðeins krónur 6.990.

Sértilboð á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Jæja er nú eftir nokkru að bíða með að bóka sig

Hlökkum til að heyra frá ykkur.

Starfsfólk Icelandair hotel Klaustri - sími 487 - 4900.